

Í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi greiði gagnstefnandi aðaláfrýjanda 40 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1908:

Vilhjálmur Briem og

Jón G. Sigurðsson

gegn

Lárusi H. Bjarnasyni.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir gestarétti Snæfellsness og Hnappadalssýslu 9. júlí 1907 í máli, sem stefndi, Lárus H. Bjarnason sýslumaður, höfðaði gegn áfrýjendunum, síra Vilhjálmi Briem á Staðastað og Jóni G. Sigurðsyni bónda á Görðum í Staðarsveit, út af ummælum um sig í grein einni, undirritaðri af þeim og með fyrirsögninni »Lárus H. Bjarnason« í 53. tölublaði XXXIII. árgangs Ísafoldar, sem út kom í Reykjavík 15. ágúst 1906, voru ummæli þau í greininni, sem stefndi átaldi, sem sé: »Þegar hann talar lygar« — »hin siðspillandi áhrif sem hann hefir á héraðsbúa — »að Lárus ljúgi þar um meira en helming, eins og við getum til« — »ljúga upp frá rótum í mikilsverðu landsmáli því, sem gjörbreytir skoðun þeirra, er taka manninn trúanlegan. En þetta gerði L. á fundi við Hellna hinn 16. júní í fyrra. Ósvífni er þó nóg til að þræta fyrir það eftir á.« — »Hvernig Breiðavíkurhreppsúarnir 18 voru flæktir í að ljúga með« — dæmd ómerk og áfrýjendurnir hvor um sig dæmdir

í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, og til að greiða stefnda 12 kr. í málskostnað. Undir rekstri málsins fyrir gestaréttinum var af dómaramum 3. júní 1907 uppkveðinn úrskurður, er ákveður, að dómarrinn víki ekki sæti og að áfrýjendunum verði ekki veittur alt að 9 mánaða frestur í málinu til vitnaleiðslu, en að þeim hins vegar veitist frestur til að leiða vitni hinn 11. s. m. að Hellum. Dómi þessum ásamt nýnefndum úrskurði hafa þeir Vilhjálmur Briem og Jón G. Sigurðsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 10. apríl þ. á., og krafist þess, að málinu verði vísað heim til nýrrar og betri meðferðar, hinn áfrýjaði dómur gerður ómerkur og hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt svo, að kröfur áfrýjendanna við undirréttinn verði teknar til greina þannig, að dómarrinn víki úr dómarsæti og þeim verði veittur alt að 6 mánaða frestur til vitnaleiðslu, en til vara hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, með eða án heimvísunar, og honum hrundið og breytt þannig, að þeir verði með öllu sýknaðir af kærnum og kröfum Lárusar H. Bjarnasonar, hann sektaður fyrir ástæðulausa og óþarfa málsýfingu og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málskostnað fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi, Lárus H. Bjarnason, hefir, þótt löglega sé stefndur, hvorki mætt eða látið mæta fyrir sína hönd fyrir yfirdómi í máli þessu.

Þegar mál þetta féll í rétt í héraði 3. júní 1907, að Syðri-Görðum, kröfðust áfrýjendurnir þess, í fyrsta lagi að dómarrinn víki sæti í málinu, bæði vegna þess að hann væri þjónn stefnda, og af því, að þeir ætluðu

að leiða hann sem vitni í málinu, og í öðru lagi að fá 6 mánaða frest í málinu til gagnsóknar — sem þó er ekki krafist fyrir yfirdómi — og til vitnaleiðslu og gáfu jafnframt upp 35 menn, er þeir ætluðu að leiða sem vitni, bjuggu allflestir þeirra innan lögsagnarumdæmis Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en nokkrir annarstaðar hér á landi og einn í Danmörku. Stefndi mótmælti hvorutveggju, og feldi dómarrinn þá úrskurð þann, er að framan greinir.

Dómarinn hefir bygt neitun sína um að vikja sæti á því, að sér hafi verið falið á eigin ábyrgð að fara með málið og dæma það, enda að það byggist á engu að hann sé þjónn stefnda, og eigi verði það heldur tekið til greina í þessu efni, að áfryjendurnir ætla að leiða hann sem vitni, þar sem þeir hafa ekki getað tilgreint um hver atriði það væri, enda væri sér gersamlega ókunnugt um tilefni málsins.

Það telst nú vera óvæfengt í málinu, að dómarrinn á þeim tíma, sem hann fór með málið, hafi verið settur til að gegna embætti stefnda, sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á ábyrgð hans og kostnað á venjulegan hátt, hinsvegar var dómarrinn með bréfi stjórnarráðs Íslands, dagsettu 15. maí 1907, skipaður til þess á eigin ábyrgð að fara með og dæma mál þetta sem setudómari. Þótt dómarrinn þannig hafi gegnt embætti stefnda, verður hann á engan hátt talinn þjónn hans eða því líkt, þar sem hann fyrir þá sök þarf að verða stefnda háður, eða fara eftir því, sem hann vill vera láta að því er embættisfærsluna snertir, enda þótt stefndi, til þess að mega halda embætti sínu, verði ásamt hinum setta embættismanni að bera ábyrgð á því fjártjóni,

sem hann við rekstur embættisins kynni að baka því opinbera eða einstaklingum; ákvæðunum í tilskipun 19. ágúst 1735, 2. gr., verður ekki heldur beitt til að víkja dómaranum úr sæti í þessu máli, því hann verður ekki talinn með umboðsmönnum þeim, er þar greinir um. Loks verður að fallast á það, að áfryjendurnir geti ekki rutt dómaranum úr sæti með því einu að segja, að þeir ætli að leiða hann sem vitni, án þess jafnframt að færa fullnægjandi rök fyrir nauðsyn sinni á því eða tilefninu til þess. Samkvæmt þessu verður að álita, að dómaranum hafi ekki borið að víkja úr dómarsæti í málinu.

Að því er snertir neitun dómarsins um að veita hinn umbeðna frest í málinu, þá hefir hann rökstutt hana með því, að áfryjendurnir hafi ekki nægilega gert grein fyrir kröfu sinni um svo langan frest til vitnaleiðslu. Það verður nú að vísu að telja rétt, að dómarsinn hefir með hliðsjón á neitun stefnda á samþykki til svo óvenju langs frests og með sérstaklegu tilliti til þess, að málið var sótt við gestarétt, heimtað ástæður af áfryjendunum fyrir því, að þeir gætu ekki komist af með hann styttri, og að ekki nægi í því efni að telja upp hina og þessa menn, jafnvel erlendis, sem þeir ætli að leiða sem vitni, án þess jafnframt að tilgreina nánara hverjar upplýsingar í málinu mætti ætla að þessir menn gætu gefið, og því hafi rétt verið að svo vöxnu máli að neita um þennan langa frest, en hins vegar virðist það hafa átt að vera dómaranum ljóst eftir ummælum þeim í blaðagreininni, sem stefnt var fyrir, að telja mætti þörf á því fyrir áfryjendurna til að leita sannana fyrir þeim að leiða fleiri vitni, en þau sem náð varð til réttarhaldsins að Hellnum. Hann virðist því hafa átt að veita þeim svo lang-

an frest, að þeir gætu leitt hina tilnefndu innanhéraðsmenn sem vitni, en til þess telst 8 vikna frestur eftir atvikum að hafa verið hæfilegur. Það þykir því rétt að fella úrskurð þann, sem kveðinn var upp í málinu 3. júní 1907, úr gildi, og dæma gestaréttardóminn ómerk-an, og að skylda undirdómarann til að taka málið fyrir að nýju, og setja það í það ástand, sem það var, áður en nefndur úrskurður var kveðinn upp, og síðan veita áfrýjendum 8 vikna frest til vitnaleiðslu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á ómerkur að vera og úrskurður sá, sem gekk í málinu 3. júní 1907 að falla úr gildi, og ber gestaréttardómaranum að taka málið fyrir af nýju og setja það í það ástand, sem það var, áður en úrskurðurinn 3. júní 1907 var kveðinn upp í því og síðan veita áfrýjendum Vilhjálm Briem og Jóni H. Sigurðssyni 8 vikna frest til vitnaleiðslu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.